FW: Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundi Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.

Til	:	Arna Lára Jónsdóttir <arnalara@isafjordur.is>;Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>;Hjördís Þráinsdóttir <hjordis@isafjordur.is>
Frá	:	Almennur póstur <apostur@isafjordur.is>
Heiti	:	FW: Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundi Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.
Málsnúmer	:	2024100106
Málsaðili	:	Samtök sjávarútvegssveitarfélag
Skráð dags	:	25.10.2024 11:05:34
Höfundur	:	Almennur póstur <apostur@isafjordur.is>
	Viðhengi	image001.pngimage001.png

Bestu kveðjur/Kind Regards,

Rakel Sylvía Björnsdóttir
Þjónustufulltrúi
Ísafjarðarbær
450 8000 - www.isafjordur.is

From: Gréta Mar Jósepsdóttir
Sent: föstudagur, 25. október 2024 10:24
Subject: Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundi Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.

Góðan dag

Berist til aðildarsveitarfélaga Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundi Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum mögulegs loðnubrests á íslenskt efnahagslíf. Ekki síst gætir áhrifanna hjá íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélögum þar sem uppsjávarvinnsla er ein af meginstoðum atvinnulífsins. Ef ekki verður loðnuvertíð á næsta ári verður það annað árið í röð sem tekjutap af þeim völdum dynur yfir þessi sveitarfélög og samfélagið allt hér á landi. Jafnframt mun það hafa mjög neikvæð áhrif á hagvöxt á næsta ári sem er grafalvarlegt.

Haustmælingar á loðnu gáfu þó vísbendingar um að hægt verði að gefa út upphafskvóta og því leggja Samtök sjávarútvegssveitarfélaga mikla áherslu á að Hafrannsóknarstofnun verði fjárhagslega undir það búin að fara í öflugar bergmálsmælingar í byrjun næsta árs til að hægt sé að ganga úr skugga um hvort ekki sé hægt að heimila þessar þjóðhagslega mikilvægu veiðar. Það er skýlaus krafa sjávarbyggða á Íslandi að ríkisvaldið sjái til þess að jafn mikilvæg stofnun og Hafrannsóknarstofnun sé fullfjármögnuð og gert kleift að halda úti öflugum rannsóknum á fiskistofnum þjóðarinnar til að hægt sé að tryggja sjálfbærar veiðar sem skipta sköpum fyrir íslenskt efnahagslíf.

Gréta Mar Jósepsdóttir
þjónustufulltrúi / þjónustusvið
Beint innval: 515 4924

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

-